

Frá ritstjórum

Fjórtánda útgáfuár *Íslenska þjóðfélagsins* – tímarits Félagsfræðingafélags Íslands er nú senn í baksýnisspeglinum. Margrét Valdimarsdóttir og Guðmundur Oddsson hafa ritstýrt tímaritinu síðastliðin þrjú ár og eiga eitt ár eftir af tveggja ára skipunartíma sínum. Sóllilja Bjarnadóttir hefur að sama skapi gegnt starfi aðstoðarritstjóra síðustu þrjú ár og mun gera það áfram á nýju ári.

Oft hafa birst fleiri almennar greinar í *Íslenska þjóðfélaginu* en í þessum árgangi en á móti birtum við veglegt sérrit um byggðarannsóknir. Gestaritstjórnarnir Þóroddur Bjarnason og Anna Guðrún Edvardsdóttir gera sjálfir grein fyrir sérritinu í stuttri ritstjórnargrein. Við þökkum Þóroddi og Önnu fyrir þeirra óeigingjörnu ritstjórnarvinnu við sérritið og höfundum fyrir þeirra framlag.

Þrjár greinar birtust í fyrsta tölublaði ársins (almenna ritinu). Tímaritinu bárust sex almenn handrit til umsagnar á árinu. Ritstjórar höfðuð tveimur handritum og fjögur fóru í ritrýni. Greinar almenna ritsins í ár hverfast um frávíkshæðun og fjalla um afstöðu blaða- og fréttamanna til umdeilda vinnubragða við upplýsingaöflun, aðdraganda þess að konur leiti í vandi og loks um margþættan skaða hatursglæpa. Áleitinn og mikilvæg viðfangsefni sem hafa verið í deigluinni að undanfarin ár.

Fyrsta grein ársins „Afstaða íslenskra blaða- og fréttamanna til umdeilda vinnubragða við upplýsingaöflun“ er eftir höfundana Friðrik Þór Guðmundsson og Valgerði Jóhannsdóttur. Greinin fjallar um rannsókn á viðhorfum blaða- og fréttamanna til siðareglna fagsins sem og óhefðbundinna og umdeilda aðferða við upplýsingaöflun, svo sem faldra myndavéla, notkun trúnaðargagna án heimilda og þess að villa á sér heimildir. Rannsóknin byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir blaða- og fréttamenn hérlandis vorið 2021 og er hluti alþjóðlegrar samanburðarrannsóknarinnar *Worlds of Journalism Study*. Sambærileg könnun var gerð árið 2012 og eru niðurstöður beggja bornar saman í greininni til að greina viðhorfsbreytingar. Niðurstöður sýna mikinn stuðning við notkun falinna upptökutækja og trúnaðarskjala úr stjórnsýslu og viðskiptalífi. Stuðningur við að villa á sér heimildir eykst milli kannana en notkun einkagagna er umdeildari.

Önnur greinin „Í leit að samþykki: Vandinn í ljósi kynferðisofbeldis og druslustimplunar“ er eftir Gyðu Margréti Pétursdóttur og Sveinu H. Þorvaldsdóttur. Í greininni er gerð grein fyrir rannsókn á aðdraganda þess að konur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og upplifað druslustimplun leiti í vandi. Rannsóknin byggir á 14 eiginlegum viðtölum við konur sem hafa verið í vandi og unnið var með gögnin út frá verklagi grundaðrar kenningar. Niðurstöður sýna að viðmælendur bjuggu við bágar aðstæður í æsku og urðu fyrir kynferðisofbeldi í aðdraganda vándis. Kynferðisofbeldi og druslu-

stimplun mörkuðu mótunarár viðkomandi og afleiðingar þessa voru markaleysi í kynferðislegum samskiptum og þrá eftir samþykki. Viðmælendur leituðu í vændi í von um að upplifa sig við stjórnvölinn í kynferðislegum samskiptum og í leit að viðurkenningu á eigin virði.

Þriðja og síðasta greinin „Helvítis fokking útlendingar“: Valdleysi, jaðarsetning og annar skaði hatursglæpa“ er eftir Eyrúnu Eypórsdóttur og fjallar um margþættan skaða hatursglæpa. Við rannsóknina sem greinin grundvallast á tók höfundur eigindleg viðtöl við 25 einstaklinga úr minnihlutahópum til að grafast fyrir um hvers konar skaða þolendur hatursglæpa upplifa og hvernig skaðinn mótar upplifun viðkomandi af því að tilheyra samfélaginu. Helstu niðurstöður sýna að þolendur hatursglæpa upplifa varnarleysi, ótta og vantraust, sem jafnframt leiddi til breyttrar hegðunar og í verstu tilfellum til algerrar jaðarsetningar. Þá upplifðu margir viðmælendur að þeir tilheyri ekki samfélaginu, sem getur dregið úr færni fólks til að takast á við afleiðingar hatursglæpa.

Íslenska þjóðfélagið stendur styrkum fótum sem fyrr og finnur ritstjórn fyrir miklum áhuga á tímaritinu frá fræðafólki sem hefur íslenskt samfélag sem fræðilegt viðfangsefni. Sú hefð hefur jafnframt komist á að halda málþing í tengslum við birtar greinar hvers árgangs. Engin breyting verður þar á og nú á vordögum er stefnt á málþing sem hverfast mun um birtar greinar ársins 2023. Því miður hefur hins vegar uppfærsla vefsíðu tímaritsins dregist von úr viti sökum óviðráðanlegra aðstæðna en nú sér vonandi fyrir endann á þeirri vinnu.

Ritstjórn þakkar höfundum kærlega fyrir samstarfið á árinu og hvetur áhugasama til að að fylgjast vel með uppfærðu tímariti og halda áfram að senda inn handrit.

Ritstjórar *Íslenska þjóðfélagsins*,
Margrét Valdimarsdóttir og Guðmundur Oddsson.